

## BÆKLINGARÖÐ LJÓSMÆÐRAFÉLAGS ÍSLANDS<sup>©</sup>

Þessi bæklingur er í röð bæklinga sem  
Ljósmeðrafélag Íslands gefur út á vef  
félagsins [www.ljosmodir.is](http://www.ljosmodir.is)

Höfundur þessa bæklingis er  
Anna Sigríður Vernharðsdóttir,  
ljósmóðir.

Útgáfuár 2010

Myndir Shutterstock.com

### Helstu heimildir

Hatem, M., Sandall, J., Devane, D., Soltani, H. & Gates, S. (2008) Midwife-led versus other models of care for childbearing women. Cochrane Database of Systematic Reviews, 4.

Landlæknisembættið (2007). Leiðbeiningar um val á fæðingarstað. Sótt á vef  
Landlæknisembættisins 2. maí 2010:  
<http://www.landlaeknir.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=3304>

\*Leiðbeiningar Landlæknisembættisins um val á  
fæðingarstað voru hafðar að leiðarljósi við gerð þessa  
bæklingis. Leiðbeiningarnar eru byggðar á gagnreyndri  
þekkingu og taka tillit til hagkvæmni þjónustu sem og  
öryggi kvenna og barna. Leiðbeiningarnar eru settar  
fram með það í huga að stuðla að upplýstu vali  
verðandi móður og föður á fæðingarstað



Borgartúni 6  
105 Reykjavík  
Sími 564-6099  
[www.ljosmodir.is](http://www.ljosmodir.is)

## BÆKLINGARÖÐ LJÓSMÆÐRAFÉLAGS ÍSLANDS<sup>©</sup>



# Val á fæðingarstað

## Hvar á ég að fæða barnið mitt?

## HEIMAFÆÐING EÐA FÆÐING Á SJÚKRAHÚSI?

Rannsóknir hafa staðfest að heimafæðingar í umsjón ljósmóður eru jafn öruggar og fæðingar á sjúkrahúsum ef meðgangan hefur verið eðlileg. Útkoma heimafæðinga á Íslandi er mjög góð og sífellt fleiri íslenskar konur velja heimafæðingu. Sumir líta á sjúkrahús sem öruggasta og jafnvel eina örugga staðinn fyrir barnsfæðingu en aðrir telja að eðlilegar fæðingar eigi ekki heima á sjúkrahúsum því þar sé aukin hættu á óþarfa inngripum í eðlilegt fæðingarferli. Konur velja þann fæðingarstað sem þær telja öruggastan fyrir sig og börn sín og fyrir sumar konur er heimilið öruggasti staðurinn.

Á þeim sjúkrahúsum hér á landi sem bjóða upp á fæðingarþjónustu eru mismunandi þjónustustig og starfsaðstæður. Þegar velja á fæðingarstað þarf að kanna hvaða þjónusta er í boði í heimabyggð og hvort sú þjónusta er heppileg m.t.t. heilsu móður og barns, meðgöngulengdar og fyrri sögu. Upplýsingar um þjónustustig og starfsaðstæður eru hér til hliðar og upplýsingar um ábendingar og frábendingar eru í töflunni hér að neðan. Allar nánari upplýsingar má fá hjá ljósmóður í mæðravernd.

### SAMFELLD ÞJÓNUSTA

Þegar stefnt er að heimafæðingu vita foreldrar fyrirfram hvaða ljósmóðir verður viðstödd fæðinguna. Foreldrarnir geta kynnst ljósmóðurinni á meðgöngunni sem gefur þeim tækifæri til að ræða væntingar sínar. Þegar samband ljósmóður og konu nær yfir meðgöngu, fæðingu og sængurlegu gefst tími til að mynda tengsl og byggja upp traust. Þess konar samband stuðlar að því að konan upplifir sig örugga í fæðingunni og það hefur jákvæð áhrif á marga þætti í fæðingarferlinu.

## LEIÐBEININGAR LANDLÆKNISEMBÆTTISINS UM VAL Á FÆÐINGARSTAÐ

|           | ÁBENDINGAR/SKILYRÐI   | FRÁBENDINGAR  |   |  |
|-----------|---|---|---|--|
|           |   | V/MÓÐUR/MEDGÖNGU  | V/BARNS/MEDGÖNGU  | V/FYRRI FÆÐINGA  |
| <b>A</b>  | <ul style="list-style-type: none"> <li>Val konu</li> <li>Áhættumeðganga og fæðing</li> <li>Meðganga innan 34 vikna</li> </ul>   |   |   |  |
| <b>B</b>  | <ul style="list-style-type: none"> <li>Val konu</li> <li>Áhættumeðganga og fæðing</li> <li>Meðganga fullar 34 vikur</li> </ul>  | <ul style="list-style-type: none"> <li>Blóðflokkamisræmi</li> </ul>   | <ul style="list-style-type: none"> <li>Fæðing fyrir 34 vikna meðgöngu</li> <li>Þekkt alvarleg vandamál eða galli hjá fósttri/barni</li> </ul>   |  |
| <b>C1</b> | <ul style="list-style-type: none"> <li>Val konu</li> <li>Eðlileg meðganga, fullar 37 vikur</li> <li>Ekki fyrirsjáanleg vandamál í fæðingunni</li> </ul>                               | <ul style="list-style-type: none"> <li>Langvarandi sjúkdómar sem geta haft áhrif á gang fæðingarinnar og/eða búast má við að versni</li> <li>Blóðflokkamisræmi</li> <li>Alvarleg meðgöngueitrun</li> <li>Insúlínháð meðgöngusykursýki</li> </ul>  | <ul style="list-style-type: none"> <li>Vaxtarseinkun barns meiri en -24%</li> <li>Fæðing fyrir 37 vikna meðgöngu þekkt vandamál eða galli hjá fósttri/barni</li> </ul>  |  |
| <b>C2</b> | <ul style="list-style-type: none"> <li>Val konu</li> <li>Eðlileg meðganga, fullar 37 vikur</li> <li>Ekki fyrirsjáanleg vandamál í fæðingunni</li> </ul>                               | <p>SAMA og C1 en auk þess:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Blóðþynning á meðgöngu</li> <li>eða fyrirhuguð eftir fæðingu</li> <li>Fjölburameðganga</li> <li>Fyrirsæt fylgja</li> </ul>  | <p>SAMA og C1 en auk þess:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Meðganga ≥ 42 vikur</li> <li>Framkalla þarf fæðingu</li> <li>Barn í sitjandi stöðu, þverlegu eða skálegu</li> <li>Stórt barn</li> </ul> | <ul style="list-style-type: none"> <li>Keisaraskurður áður</li> <li>Óeðlileg blæðing í fyrri fæðingu vegna lélegs samdráttar í legi áætluð yfir 1000 ml</li> </ul> |
| <b>D1</b> | <ul style="list-style-type: none"> <li>Val konu</li> <li>Hraust kona, eðlileg meðganga, 37 – 42 vikur og sjálfkrafa sótt</li> <li>Ekki fyrirsjáanleg vandamál í fæðingunni</li> </ul> | <p>SAMA og C2 en auk þess:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Meðgöngueitrun</li> <li>Meðgöngusykursýki</li> <li>Blóðleysi</li> <li>BMI&lt;18</li> <li>BMI&gt;35</li> <li>Reykingar &gt;10 á dag</li> <li>Virk neysla vímuefna</li> </ul> | <ul style="list-style-type: none"> <li>SAMA og C2</li> </ul>  | <p>SAMA og C2 en auk þess:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Saga um axlarklemmu við fyrri fæðingu</li> </ul>   |
| <b>D2</b> | <ul style="list-style-type: none"> <li>Val konu</li> <li>Hraust kona, eðlileg meðganga, 37 – 42 vikur og sjálfkrafa sótt</li> <li>Ekki fyrirsjáanleg vandamál í fæðingunni</li> </ul> | <p>SAMA og C2 en auk þess:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Meðgöngueitrun</li> <li>Meðgöngusykursýki</li> <li>Blóðleysi</li> <li>BMI&lt;18</li> <li>BMI&gt;35</li> <li>Reykingar &gt;10 á dag</li> <li>Virk neysla vímuefna</li> </ul> | <ul style="list-style-type: none"> <li>SAMA og C2</li> </ul>  | <p>SAMA og C2 en auk þess:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Saga um axlarklemmu við fyrri fæðingu</li> </ul>   |

## ÞJÓNUSTUSTIG OG STARFSADSTÆÐUR

**A** Sérhæfð kvennadeild fyrir áhættumeðgöngu og fæðingu á sjúkrahúsi þar sem ljósmæður, fæðinga- og kvensjúkdómalæknar starfa. Aðgangur að skurðstofu þar sem svæfingalæknir er á sólarhringsvakt. Sérhæfð þjónusta nýburalækna og hjúkrunarfræðinga fyrir nýbura frá og með 22 vikna meðgöngu allan sólarhringinn (Landspítalinn).

**B** Sama og A nema þjónusta barnalækna og hjúkrunarfræðinga fyrir nýbura eftir 34 vikna meðgöngu allan sólarhringinn (Sjúkrahúsið á Akureyri).

**C 1** Millistærð á fæðingardeild þar sem auk ljósmæðra starfa fæðinga- og kvensjúkdómalæknir og/eða skurðlæknir sem hefur þjálfun í bráða-fæðingarhjálp, áhaldafæðingum og keisaraskurði. Hægt er að bjóða upp á framköllun fæðinga og utanbasts-deyfingu (epidural). Bráðaaðgangur að skurðstofu með svæfingarlækni allan sólarhringinn. Aðgangur að fæðingarstað með þjónustustig A – B.

**C 2** Sama og C1 nema ekki er aðgangur að skurðstofu og svæfingarlækni allan sólarhringinn.

**D 1** Lítil fæðingardeild á heilbrigðisstofnun þar sem auk ljósmæðra starfa heilsugæslulæknar. Aðgangur að fæðingarstað með þjónustustig A – C.

**D 2** Heimafæðing þar sem ljósmóðir er til staðar og hefur aðgang að fæðingarstað með þjónustustig A - C.